

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-28/2013:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift, en til vara að seljandi greiði sér skaðabætur.

#### II

##### Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 20. mars sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 16. apríl. Með bréfi, dags. 18. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 2. maí. Með bréfi, dags. 6. maí, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og frestur til þess til 16. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 15. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 5. febrúar sl. keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 340.000. Var bifreiðin sendibifreið af gerðinni Citroen Berlingo, árgerð 2003, fyrst skráð 6. mars 2003 og hafði á kaupdegi verið ekið 125.000 km. Þegar byrjaði hafi verið að nota bifreiðina hafi síðan komið í ljós að leki var með heddþakningu í vél bifreiðarinnar. Í kjölfarið var farið með bifreiðina á verkstæði Z. Þar fengust þær upplýsingar að leki við heddþakningu hefði verið greindur af verkstæðinu þegar komið var með bifreiðina þangað hinn 15. desember 2010. Þáverandi eigandi, þ.e. seljandi, hafi hins vegar ekki viljað láta lagfæra lekann.

Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi greiði kostnað vegna skipta á heddþakningu sem samkvæmt áætlun frá verkstæði muni nema um kr. 150.000. Var krafan ekki 270 þús? Meðfylgjandi álitsbeiðni er kaupsamningur og afsal vegna viðskiptanna, dags. 5. febrúar sl., reikningur frá verkstæði vegna viðgerðar á bifreiðinni, dags. 15. desember 2010 og reikningur frá sama verkstæði vegna viðgerðar, dags. 14. febrúar sl.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Andsvör eru rituð af ekkju seljanda. Fram kemur að seljandi lést hinn 9. desember 2012 og hefur ekkja hans, A, fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir hann. Í andsvörum sínum tekur ekkja seljanda fram að hún viti ekki meira um ástand bifreiðarinnar en komið hefur fram og að bifreiðin hafi verið seld á lágu verði. Þá hafi kaupandi bifreiðarinnar getað kynnt sér ástand hennar. Vísar ekkja seljanda næst í tölvupósta frá bifreiðasala þeim er hafði milligöngu um kaupin. Í þeim tölvupóstum kemur aðallega fram að bifreiðasalinn hafi bent álitsbeiðanda á að bifreiðin væri gömul og ódýr, ásett verð á henni hafi verið kr. 490.000 en söluverð kr. 340.000. Álitsbeiðanda hafi verið greint frá því að skipta þyrfti um bremsur bifreiðarinnar og hvött til þess að skoða bifreiðina vel fyrir kaupin.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda byrjar álitsbeiðandi á því að taka fram að rétt sé að hún hafi kynnt sér ástand bifreiðarinnar fyrir kaupin. Afturhurð bifreiðarinnar hafi verið tjónuð, bremsurnar að aftan lélegar, en þó hafði verið búið að skipta um tímareim. Þetta segist álitsbeiðandi hafa verið meðvituð um, enda hafi hún ekki gert neinar athugasemdir við þessi atriði í álitsbeiðni sinni. Hins vegar segist álitsbeiðandi að í ljós hafi komið þegar farið var með bifreiðina í viðgerð á verkstæði til að láta lagfæra bremsurnar, að heddþakkning bifreiðarinnar lak og að samkvæmt upplýsingum frá verkstæðinu hafi seljandi vitað af lekanum frá því í desember 2010, þegar hann lét skipta um tímareim í bifreiðinni.

Í sömu skoðun á verkstæðinu, þ.e. til að láta laga bremsur, kom einnig í ljós að leki er í stýrisdælu bifreiðarinnar og bremsurnar að framan voru einnig ónýtar. Þá var olúmælir brotinn. Segist álitsbeiðandi hafa látið gera við öll þessi atriði og hafi kostnaður við það numið kr. 84.000. Álitsbeiðandi segist hins vegar ekki vera búin að láta gera við heddþakkningu og stýrisdælu bifreiðarinnar, sem áætlaður viðgerðarkostnaður vegna þeirra atriða eru kr. 270.000 samkvæmt verðskrá verkstæðis B.

Álitsbeiðandi gerir næst athugasemd við að bifreiðin hafi verið keypt á lágu verði. Hún segir fullyrðingu um slíkt ekki standast. Kaupverð hafi verið kr. 340.000. Til samanburðar sé viðmiðunarverð samskonar bifreiða kr. 352.000 samkvæmt heimasíðu Bílgreinasambandsins. Kaupverðið hafi tekið mið af því að lagfæra þurfti um bremsur að aftan og bifreiðin var tjónuð. Þá hafi bifreiðin verið staðgreidd. Álitsbeiðandi telur samkvæmt þessu að bifreiðin hafi alls ekki verið seld undir markaðsverði eða „á lágu verði“.

Kveðst álitsbeiðandi hafa reynt að ná sáttum í málinu en án árangurs og rekur í nokkuð ítarlega samskipti sín við bifreiðasala þann er hafði milligöngu um kaupin. Að lokum hnykkir álitsbeiðandi á því að hún telji að umrædd bifreið hafi verið haldin leyndum galla í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í athugasemdum álitsbeiðanda er að finna nokkuð ítarlegri kröfugerð en í upphaflegri álitsbeiðni. Þar er gerð sú krafa aðallega að kaupunum verði rift og seljanda verði gert að endurgreiða álitsbeiðanda útlagðan kostnað vegna viðgerða á bifreiðinni, samtals kr. 112.308. Til vara er farið fram á það að seljandi taki þátt í kostnaði álitsbeiðanda við að gera við hedd og stýrisdælu í bifreiðinni, en áætlaður heildarkostnaður vegna þeirrar viðgerðar er sem áður segir kr. 270.000.

Meðfylgjandi álitsbeiðni eru reikningar til stuðnings kröfum álitsbeiðanda ásamt afriti af tölvupóstsamskiptum við bifreiðasala og útprentun af heimasíðu Bílgreinasambandsins.

## VI

### **Úr gögnum máls**

Í fylgigögnum sem fylgdu álitsbeiðni er að finna reikning frá B, dags. 15. desember 2010. Er seljandi nefndur greiðandi á reikningnum. Samkvæmt reikningnum framkvæmdi verkstæði B tímareimaskipti á bifreiðinni xx-000. Á reikningum segir orðrétt: „ATH!... heddþakkning lekur mikið, kúnni vildi ekkert gera í því þrátt fyrir að hafa fengið að sjá lekann.“

## VII

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 5. febrúar 2013 fyrir kr. 340.000. Árgerð bifreiðarinnar kemur ekki fram í gögnum málsins en fyrsti skráningardagur hennar 6. mars 2003. Bifreiðin var því rétt tæplega 10 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 125.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 5. febrúar 2013, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Í kaupsamningi og afsali kemur einnig fram að álitsbeiðandi staðfesti að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það, þó ekki sé dregið í efa að hún hafi sjálf skoðað bifreiðina ítarlega við kaupin.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur í að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Hins vegar verður ekki annað séð en að seljandi hafi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna, vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina. Er hér átt við upplýsingar um ástand á heddþakningu bifreiðarinnar, en samkvæmt framlögðum upplýsingum sem stafa frá bifvéilverkstæði B mun seljandi hafa vitað um ástand heddþakningarinnar þegar skipt var

um tímareim í bifreiðinni í desember 2010, en kosið að láta ekki gera við henni. Við skýringu á umræddri grein hefur verið talið að upplýsingaskylda seljanda nái ekki aðeins til atvika sem hann þekkir, heldur einnig atvika sem hann má vita um, þ.e. atvika sem ekki er afsakanlegt að seljandi viti ekki um. Er það mat kærufndarinnar að svo sé háttáð í þessu máli, þrátt fyrir þá sérstæðu stöðu sem uppi er, þ.e. að seljandi er látinn og að ekkja hans gekk frá sölu bifreiðarinnar, en önnur niðurstaða yrði varla til samræmis við þá vernd sem ákvæðinu er ætlað að skapa neytendum. Er því bifreiðin, hvað varðar heddþakkingu hennar, haldin galla í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna, og er það mat kærufndarinnar að afar ólíklegt sé að álitsbeiðandi hefði mátt sjá gallann fyrir kaupin, jafnvel þótt bifreiðin hefði verið skoðuð af óháðum aðila. Verður seljandi því að bera þann kostnað sem af viðgerð á heddinu hlýst, en samkvæmt áætlun frá umboðsverkstæði fyrir bifreiðar af þeirri tegund sem hér um ræðir, mun sá kostnaður nema kr. 150.000.

Álitsbeiðandi kvartaði einnig undan leka í stýrisdælu bifreiðarinnar. Að mati kærufndarinnar hefði átt að verða lekans vart við söluskoðun á bifreiðinni, hefði slík skoðun farið fram. Með vísan til áðurnefndrar 3. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er það því mat kærufndarinnar að álitsbeiðandi geti ekki borið lekann á stýrisdælunni fyrir sig sem galla og verður því að hafna kröfum hennar að þessu leyti.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og galinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur aðallega gert kröfum um að kaupunum verði rift, en til vara að seljandi greiði sér skaðabætur. Í 32. gr. laganna er fjallað um riftun, en þar segir að í stað afsláttar skv. 31. gr. geti neytandi rift kaupunum nema að galli sé óverulegur. Er það mat kærufndarinnar, eins og mál þetta er vaxið, að sá galli sem er á bifreiðinni sé ekki það verulegur að hann leiði til þess að heimilt sé að rifta kaupunum skv. 32. gr. laganna. Stendur því eftir skaðabótakrafa álitsbeiðanda. Að mati kærufndarinnar er rétt að seljandi greiði álitsbeiðanda kr. 100.000 vegna galla á henni bifreiðarinnar og er þá litið til þess annarsvegar að bifreiðin var rétt tæplega 10 ára gömul, ekin 125.000 km. og því mátti álitsbeiðandi búast við því að hún þyrfti að láta framkvæma viðgerðir á bifreiðinni fyrr eða síðar, hinsvegar ber að líta til þess að nýtt kemur í stað gamals.

## VIII

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 100.000.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir